

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

A photograph of a salmon leaping from the water, with a rocky shore in the foreground. The image is in a monochromatic blue-green color scheme. The salmon is captured mid-leap, its body curved and its tail just above the water's surface. The water is turbulent, with white foam and splashes. The foreground shows a dark, textured rock formation.

Teitur Arnlaugsson

Frumkönnun á laxræktarmöguleikum
í Selá á Skaga.

Reykjavík
marz 1980

Selá á Skaga.

Áin var skoðuð þann 22. ágúst 1978, og þá var einnig kannað seiðamagnið á tveimur stöðum í ánni, og þann 21. júlí 1979 var gerð önnur seiðakönnun, einnig á tveimur stöðum í ánni. Í báðum tilvikum voru könnunarstaðirnir þeir sömu og sleppt hafði verið á sumaröldum laxaseiðum árið áður. Um 3 þúsund seiðum mun hafa verið sleppt sumarið 1978, en ekki er mér kunnugt um fjöldann 1977.

Helstu einkenni árinna.

Lengd hennar frá ósi að Selvatni er um 6,5-7,0 km. Neðantil er áin víðast um 8 m breið, en ofantil 6-7 m. Lauslega áætlað er heildarbotnflötur hennar um 5,0-5,5 hektarar. Í neðsta hlutanum (ca. 1,5 km) er talsverður straumur og botninn grýttur og eru þar góð uppvaxtarskilyrði fyrir laxaseiði. Miðhlutinn (ca 2,5 km) er lygnari, nokkuð víða er möl eða smágrýti í botninum, en einnig eru þarna lygnukaflar með mjög fíngerðum malarbotni og á stöku stað er leðjubotn. Í þessum hluta er áin víða mjög gróin slíi og öðrum plöntum. Ég myndi ætla að laxaseiði gætu nýtt miðhlutann allt að 2/3 hlutum. Í honum finnast einnig hrygningarskilyrði fyrir lax. Efsti hlutinn er mjög stórgrýttur en með smærra grjóti í bland, meðalstraumhraði (0,5 m/sek), og víða eru aðdjúpir grasbakkar. Almennt eru þarna betri uppvaxtarskilyrði fyrir urriða en lax.

Samtals, eru hugsanleg uppeiddissvæði fyrir laxaseiði í ánni um 4,0-4,5 hektarar.

Um 50 m frá sjó er ófiskgengur foss. Annar foss, eða kanski öllu frekar aflíðandi flúð, um 4 m að hæð, er um 1 km fyrir ofan bæinn. Tel ég flúðina torfæra laxi, ef ekki ófæra. Hana mætti gera greiðfæra laxi án verulegs kostnaðar.

Seiðakannanir (rafveiðar).

Þar sem sleppt var laxaseiðum fyrir ofan bæinn Selá árin 1977 og 1978, sem var nánast sami staðurinn, eru ágæt skilyrði fyrir laxaseiði. Einnig eru skilyrðin ágæt fyrir

laxaseiði, þar sem sleppt var ofar í ánni árið 1978, en á efri sleppistaðnum árið 1977 er mjög fíngerður botn yfir lygnu vatni, þó með góðu bakkaskjóli og talsverðum botngróðri, en sá staður er þó rýr fyrir laxaseiði. Á þeim þremur stöðum þar sem uppvaxtarskilyrðin voru góð, fengust 6 laxaseiði miðað við 100 m² árbotn. Í öllum tilvikum fengust á þessum stöðum einungis seiði frá sleppingu ársins áður. Á þessum stöðum, sem og hinum staðnum, voru hins vegar margfalt fleiri urriðaseiði en laxaseiði (sjá nánar töflu 1).

Meðallengd laxaseiðanna í ágúst athuguninni 1978 voru rúmir 9cm, en í júlí athug. '77 um 6cm. Þetta er talsvert mikill munur, meiri en ætla megji að seiðin frá júlí athuguninni vinnu upp á þeim eina mánuði sem þau eru yngri. Ekki er ólíklegt að þessi munur stafi fyrst og fremst af því, að sleppt hafi verið misstórum seiðum þessi tvö ár, og eða misjafnlega snemma sumars. Almennt þá gefa þessar niðurstöður til kynna að laxaseiði hafi mjög viðunandi vöxt í ánni.

Hugleiðingar.

Niðurstöður rafveiðanna sýna að áin er þökkuð af urriða, og er mjög líklegt að hann fullnýti skilyrði hennar, svo að landnám laxins yrði að vera á kostnað urriðans. Þar sem stórir hlutar árinna falla mjög að kjörskilyrðum urriðans, myndi ég telja að í frjálstri samkeppni við urriðann gæti laxinn ekki numið nema lítinn hluta árinna. Hægt væri hins vegar að stórfækka urriðanum, eða jafnvel útrýma honum á nokkrum árum, með því að girða fyrir ána upp við vötnin. Urriðinn notar ána til hrygningar og í henni dveljast seiðin fyrstu árin, en ganga síðan upp í vötnin. Svo róttækum aðgerðum gangvart urriðanum er ekki hægt að mæla með, án undangenginnar könnunar á því, hvaða verðmæti eru fólgin í urriðastofni vatnanna, og að hve miklu leyti viðhald hans byggir á ánni. Hugsanlegt er, að ár og lækir sem falla í vötnin geti séð um viðhaldið.

Hvað áin gæti framleitt af laxi, ef hann sæti einn að henni, er ógjörningur að segja nokkuð um með vissu. Ef mið er tekið af urriðanum, þá nær hann göngustærð laxaseiða (11-14 cm) á 3 árum. Fjöldi 2 ára urriðaseiða, sem ættu að ná göngustærð laxaseiða að vori, og 3 ára urriðaseiða sem hafa náð henni, var

frá 1-8 seiði per 100 m² á veiðistöðunum. Ef reiknað væri með 4 seiðum per 100 m² sem meðalgildi fyrir ána, 35% afföll á þessum seiðum að sjógöngu að vori, og stærð uppeldissvæðis fyrir lax 4,5 hektara, þá fengist með þessum forsendum, 1170 gönguseiði. Með 20% endurheimtu úr sjó gerir þetta 234 laxa.

Þessi samanburður við urriðann ætti að vera raunhæfur, hvað verðar getu árinna, að sjá þessari framleiðslu fyrir fæðu, því fæðuþörf lax og urriða er svipuð. Hins vegar má vera, að urriðinn nái betri vexti í ánni en laxinn, en eftir því sem vaxtartíminn er lengri, þeim mun minni verður framleiðslan. Einnig er ekki ólíklegt, að urriðinn geti nýtt fleiri búsvæði í ánni en laxinn. Á niðurstöðu dæmisins hér að framan, myndi ég því fremur líta á, sem hugsanlega hámarksframleiðslu árinna á laxi. Ef til vill er ekki óraunhæft að ætla að áin geti staðið að 75-175 laxa stofni, ef hann sæti einn að henni. Til viðhalds stofninum teldi ég að þyrfti 10-15 hrygnur.

Nú á seinni árum, hafa menn verið að þreifa fyrir sér með það, að láta vötn framleiða laxagönguseiði, með því að sleppa í þau smáseiðum. Þessar athuganir eru ekki það langt á veg komnar, að búið sé að skilgreina það, hvaða aðstæður verði að vera til staðar, svo að árgangar fáist. Erlendis hafa vötn sem hafa grýttan botn gefið bestan árangur. Í þessum vötnum var einnig urriði, svo það eitt, stendur ekki í veginum fyrir því að árangur fáist. Hérlandis hefur þetta aðeins verið reynt, t.d. í Vestmannsvatni, sem er í vatnakerfi Laxár í Aðaldal. Niðurstöður af hreistursgögnum sem okkur hafa verið send frá þessu vatnakerfi, benda til þess, að árangur hafi orðið af þessari sleppingu. Mjög athyglisvert væri, að reyna slíkar sleppingar í vötnin við Selá. Árnar (Selá) sem falla úr vötnunum eru það litlar, að koma mætti fyrir gönguseiðagildrum efst í árnar, án verulegs kostnaðar, og fá á þann hátt nákvæmar upplýsingar um árangur sleppinganna.

Einnig má benda á, að áin býður upp á góða hafbeitarmöguleika, það er að sleppa í hana gönguseiðum, því hún er af mjög viðráðanlegri stærð t.þ.a. ná fiskinum aftur. Í þessu samhengi má nefna að í fyrra var sleppt í Kollafirði gönguseiðum sem voru fyrst sjóvanin, og býða nú menn spenntir eftir því að sjá hvort þessi nýja sleppiaðferð, gefi ekki betri endurheimtur en sú hefðbundna. Niðurstöður af þessum sleppingum er að vænta nú í ár.

Í vatnakerfinu virðast vera fólgnir ýmsir laxaræktar möguleikar. Ég tel engan vafa leika á því, að Selá geti framleitt lax, en er hræddur um að sú framleiðsla verði ekki mikil að vöxtum, nema laxinn sitji einn að ánni. Í vötnunum geta verið miklir laxaræktarmöguleikar og áin er góð til hafbeitar.

Tafla 1. Selá á Skaga. Áætlaður fjöldi seiða miðað við 100 m² botnflöt. (Veiðanleiki áætlaður: vorg. = 40%, 1 árs = 50% , 2 ára og eldri = 60%).

Staður	Veiði- svæðið í m ²	Fj. laxa- seiða 1 árs	Fjöldi urriðaseiða				Samtals
			0	1	2	3	
28.08.78:							
1. Ofan bæinn	180	6	3	36	1	-	46
2. Efri staðurinn	316	1	36	38	5	1	81
21.07.79:							
3. Ofan bæinn	308	6	-	13	6	2	27
4. Efri staðurinn	284	6	11	12	4	-	34

Tafla 2. Meðallengdir seiðanna í cm. (Talan innan sviga er fjöldi veiddra seiða).

Staður	Laxaseiði 1 árs ¹⁾	Urriðaseiði			
		0	1	2	3 ára
28.08.78:					
1. Ofan bæinn	9,7 (5)	4,5 (2)	8,3(32)	11,9 (1)	-
2. Efri staðurinn	9,0 (2)	4,4 (45)	7,2(60)	10,5 (10)	14,0(2)
21.07.79:					
3. Ofan bæinn	6,0 (9)	-	6,0(20)	9,4 (12)	12,9(3)
4. Efri staðurinn	6,3 (9)	3,3 (12)	5,9(18)	9,1 (6)	-

1) Sleppt sem sumaröldum.

VATNAKERRI SELÁR SKAGA.

